



FRÉTTABRÉF

LAGNAFÉLAGS ÍSLANDS

The Icelandic Heating, Ventilating and Sanitary Association
Ystabæ 11 • 110 Reykjavík • Tel. 354 587 0660 • Fax 354 587 4162
Netfang: [www.lafii@simnet.is](mailto:lafii@simnet.is) • Heimasíða www.lafii.is

2. tbl. 19. árgangur apríl 2004 blað nr. 87

„Vatnstjórnaráð“

hafnaði Lagnakerfamiðstöð Íslands
inngöngu í ráðið

Í beinu framhaldi

sagði Lagnafélag Íslands sig úr
„Vatnstjórnaráði“

Ráðstefna um frárennslislagnir

innan lóðamarka, inni og úti
29. apríl 2004
sjá bls. 10 og 11

Ráðstefnan er öllum opin.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Ottósson.
Ritnefnd: Guðmundur Hjálmarsson tæknifræðingur,
Jón Guðlaugsson pípulagningameistari,
Ólafur Bjarnason blikksmíðameistari,
Þorlákur Jónsson verkfræðingur
og Rúnar Bachmann rafvirki.



Ávarp

Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri LKÍ,
flutt á hátíðarsamkomu við afhendingu á gjöf
Danfoss til Lagnakerfamiðstöðvar Íslands.

**Menntamálaráðherra
og aðrir gestir.**

Ég bið ykkur öll velkomin í Lagnakerfamiðstöð Íslands.
Í dag er viðhorf til lagnamála hjá fagmönnum og leikmönnum gott.
Góðum viðhorfum getum við þakkað kynningum á lagnamálum
í skólum, blöðum, námskeiðum, fyrirlestrum og ekki síst
fyrirtækjakynningum. Metnaðarfull fyrirtæki eiga stóran þátt í að
bæta þekkingu lagnamanna.
Þar skipar Danfoss stóran sess.



Kristján Ottósson

Frá upphafi hitaveituvæðingar hér á Íslandi hefur fyrirtækið Danfoss verið leiðandi í
framleiðslu búnaðar á lagnasviði.

Allir lagnamenn þekkja búnað frá Danfoss.

Það sem hefur háð fræðslu á lagnasviði er skortur á raunverulegri aðstöðu til þjálfunar
lagnamanna.

Nú er að verða breyting á, stundin er að renna upp.

Í dag erum við að taka á móti kennslukerfi sem er gjöf frá Danfoss til lagnamanna á Íslandi
Kerfið er nákvæm eftirlíking á kerfum sem eru í öllum húsum sem tengjast hitaveitu og
vatnsveitum.

Í allt samanstendur Danfoss kennslukerfið af 8 sérstökum lagnakerfum og er að verðmætum
upp á 6 Mmk.

Kerfin eru þessi: Húsveitugrind er kerfi sem heldur utan um greiningu hitaveitu til hinna
ýmsu hitakerfa hússins og inntaksgrind hitaveitu, Heitt nei-vatn með varmaskipti í
inntaksgrind, Kalt neysluvatn með inntaksgrind, Snjóbræðslukerfi, Gólfhitakerfi, Ofnakerfi,
Hitakerfi fyrir heitan pott.

Á bakhlíð kennslukerfisins er heljarmikið "Raritat" sem samanstendur af kælikerfum, sem
líkja eftir, hverju sinni, hinum ýmsu aðstæðum raunveruleikans.

Danfoss kennslukerfið er það fullkomnasta sinnar tegundar í Evrópu og þó lengra væri
leitað.

Kennslukerfið opnar óþrjótandi möguleika á uppbyggingu námskeiða hvort sem um er að
ræða þjálfun í einstökum tækjum eða heildar kerfum.

Strax á vorönn eru á dagskrá námskeið sem nota Danfoss kennslukerfið.

Við viljum hvetja skóla og fagfélög að hefjast nú þegar handa að skipuleggja námskeið til að
nýta Danfoss kennslukerfið strax.

Þannig bætum við best hæfni manna til að hanna, leggja og þjónusta þessi kerfi, sem eru
okkur öllum ómissandi í daglegu mannlífi.

Ágætu hátíðargestir:

Hér með afhendi ég stjórnina á hátíðarhlöðunum til Danfoss hf.,
og við stjórninni tekur framkvæmdastjóri Danfoss.
við bjóðum velkominn Sigurð Geirsson.

Ávarp

Sigurður Geirsson, framkvæmdastjóri Danfoss, flutt á hátíðarsamkomu við afhendingu á gjöf Danfoss til Lagnakerfamiðstöðvar Íslands.



Sigurður Geirsson

Menntamálaráðherra, ágætu gestir,

Það er mér sönn ánægja að fá að ávarpa ykkur hér í Lagnakerfamiðstöð Íslands. Tilefnið er, eins og fram hefur komið, afhending á kennslukerfi til notkunar við kennslu á stjórnbúnað hitakerfa, þar sem líkt er eftir íbúðarhúsi með ofnum, gólfhita snjóbræðslu og ýmsu fleiru.

Það mun hafa verið fyrir um þremur árum síðan að farið var að ræða það að gefa efni í kennslukerfi í tilefni af því að Danfossbúnaður hafði verið til sölu á Íslandi í 50 ár. Af ýmsum orsökum hefur afhending kerfisins dregist, orsökum sem ekki var á valdi Danfoss að breyta. En það gerir í raun ekkert til, það er hægt að mæla það með ýmsu móti hversu lengi Danfossbúnaður hefur verið til staðar á Íslandi, og væri kannski best að segja að um þessar mundir hafi Íslendingar notið frumkvæðis og færni Danfoss í hálfá öld.

Það er ekki tilviljun að Danfoss minnst slíkra tímamóta með gjöf til eflingar tæknimenntunar á Íslandi, og því fer fjarrí að þetta sé í fyrsta skipti. Til dæmis gaf Danfoss hf Vélskóla Íslands kerfi til kennslu í kælitalæni af þessu sama tilefni. Það er mjög í anda stefnu móðurfyrirtækisins að styðja við tæknimenntun, og ég byst við að stjórnarformaður Danfoss á Íslandi komi nánar inn á þau mál hér á eftir.

Margir hafa komið að gerð kerfisins eins að það birtist okkur hér í dag. Af starfsmönnum Danfoss vil ég nefna Steinar Gíslason sem hefur staðið í eldlinunni af okkar hálfu, en einnig komu þeir Jóhannes Skarphéðinsson og Guðni Marelsón að gerð kerfisins. Sveinn Áki Sverrisson tæknifræðingur, fagstjóri lagnasviðs VSB Verkfræðistofu hannaði kerfið, en einnig komu kennarar og nemendur Iðnskólans í Hafnarfirði að gerð þess, og einnig nutum við leiðsagnar þeirra Ragnars Gunnarssonar framkvæmdastjóra Verkvangs og Svarts T Óskarssonar hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Þessum ágætu mönnum ásamt öðrum þeim sem á einhvern hátt hafa komið að gerð kennslukerfisins vil ég færa mína bestu þakkir.

Góðir gestir, það er einlæg von stjórnar og starfsfólks Danfoss hf að kerfið nýtist þeim vel sem það vilja nota, að nemendur gangi fróðari frá því, og síðast en ekki síst að kerfið megi vekja áhuga jafnt kennara sem nemenda á þeirri nútíma tækni sem notuð er við hitastjórnun á Íslandi. Eins og mörgum hér inni er kunnugt, þá er síðari hluti nafnsins Danfoss til kominn vegna þess að suðið í fyrstu lokunum sem stofnandi Danfoss Mads Clausen smíðaði, minnti hann á fossnið í fjarska. Í dag þarf afar góða heyrn til þess að heyra fossniðinn í rétt stilltum stjórnunum frá Danfoss. Það er von okkar að ef kennarar og nemendur heyra fossnið í kennslukerfinu, þó lítill sé, megi það vekja hugmyndir hjá þeim til þess að stilla betur, og jafnvel koma fram með nýjar lausnir sem nýtast mega í við hönnun hitalagnakerfa í framtíðinni.

Ég vil biðja forstjóra sölufyrirtækis Danfoss í Danmörku, Mads Høgsbjerg að taka til máls. Mads er jafnframt stjórnarformaður Danfoss á Íslandi, yfirmaður hitamála hjá Danfoss á Norðurlöndunum og er einnig stjórnarformaður í samtökum VVS framleiðandanna í Danmörku.



Mads Høgsbjerg, stjórnarformaður, Danfoss á Íslandi.

Ágrip úr ræðu Mads Høgsbjerg:

MH fjallaði m.a. um það hvernig Danfoss hefur í gegnum tíðina stutt við bakið á tæknimenntun almennt, ýmist með beinum styrkjum eða með þátttöku skóla í ýmsu rannsóknar- og þróunarstarfi bæði í Danmörku og annars staðar. MH nefndi einnig Ævintýragarðinn "Danfoss Universe" sem Danfoss er að reisa í



Mads Høgsbjerg

Nordborg. Þar verður íslenski sýningarstjórinn frá heimssýningunni í Hannover 2000 settur upp sem eitt aðal aðráttaraflíð á svæðinu. Gestir garðsins munu takast á við líkamlegar áskoranir og kynnst heimi tækninnar með einstökum og skemmtilegum hætti. Gangvirkum tækjum verður beitt sem miðla törfum bæði náttúru og tækni og útskýra sömuleiðis vel grundvallarlögmál vísindanna. Eitt megin markmið garðsins er að vekja áhuga ungs fólks á tækni og tæknimenntun, og er það von Danfoss að með garðinum megi hafa áhrif á val þess á menntun.

MH óskaði Lagnakerfamiðstöðinni velfarnaðar og vænti þess að gjöfin megi verða til þess að efla tæknimenntun á lagnasviði.



Á myndinni eru frá vinstri: Do. Valdimar K. Jónsson, varaformaður Lagnakerfamiðstöðvar Íslands, Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri Lagnakerfamiðstöðvar Íslands, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, Mads Høgsbjerg, stjórnarformaður Danfoss hf. á Íslandi og Sigurður Geirsson, framkvæmdastjóri, Danfoss.



Lagnakerfamiðstöð Islands



Gestir í samkvæminu



Egill Skúli Ingibergsson, Sverrir Kristjánsson og Þórhður Ó. Búason



Gestir og ráðherra fyrir miðri mynd.



Gestir í samkvæminu



Sigurður Geirsson, framkvæmdastjóri Danfoss



Dr. Valdimar K. Jónsson, Meantamálaráðherra Þorgerður Katrín og Kristján Ottósson.



Gisli Jóhannsson, Dr. Valdimar K. Jónsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ráðherra.



Veitingaborðið þar vantaði ekki þjónustuna



Ráðherra Þorgerður Katrín, afhendir Kristjáni Ottóssyni, framkvæmdastjóra LKÍ gjöfina til varðveislu.



Hér er Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ráðherra að ræða við gefendur kerfisins



Mads að ræða við Jóhannes Einarsson, skólam.



Kristján Ottósson að slá á létta strengi við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttir, ráðherra og Dr.Valdimar K. Jónsson



Kristján Ottósson flytur þakkarávarp fyrir hönd Lagnakerfamiðstöðvar Íslands



Það þurfti að ræða mörg mál við ráðherrann



Hluti hátíðargesta hlíða á ræðuhöld.



Þór R. Þorsteinsson og
Gísli Jóhannsson
(kendur við, Gísli í Danfoss)



Sigurður Geirsson
Þórður Ólafur Búason
Ragnar Gunnarsson



Hér er Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ráðherra, að taka við gjöfinni úr hendi Mads Hogsbjerg, stjórnarformanns Danfoss í Íslandi

Ísleifur Jónsson ehf. færir Lagnakerfamiðstöð Íslands stórgjafir

Um að ræða húsveitugrind fyrir sumarbústaði sem er sett upp í samræmi við nýtt tækniblað frá Rb nr. 53.

Húsveitugrindin er sérstaklega hönnuð með það í huga að koma í veg fyrir frostskemdir í sumarbústöðum, þegar fólk er ekki í bústaðnum.

Uppbygging lagnakerfisins er þannig, ef rafmagn fer af bústaðnum, tæmir lagnakerfið sig sjálf, þannig eiga stjórn tækin að vinna ef rétt er frá þeim gengið.

Ef eigandi sumarhússins vill ekki skilja við bústaðinn með vatni í leiðslum þegar hann yfirgefur bústaðinn, slekkur hann á einum rofa, og þar með rennur vatnið sjálfkrafa úr öllum leiðslum og þannig komið í veg fyrir hugsanlega stór skemmdir.

Þá gefur Ísleifur Jónsson hf. stöðinni fullkominn "rennismælir", til að mæla og stilla rennsli og mismunabrýsting í lagnakerfum (ofnakerfum). Þessi mælir opnar nýja sýn og betri möguleika til kennslu í pípuögnum.

Vandamál líðandi stunda er að hitakerfi í húsum hafa ekki verið stillt, bæði vegna lélegrar hönnunar og þekkingar skorts iðnaðarmanna, því aðstaða til fræðslu hefur ekki verið til staðar fyrr en nú.



Hér sést húsveitugrindin til vinstri uppset á spjaldi og tilbúin til notkunar við kennslu. Til vinstri er Grétar Leifsson forstjóri Ísleifs Jónssonar hf. að afhenda Kristjáni Ottóssyni, framkvæmdastjóra Lagnakerfamiðstöðvar Íslands húsveitugrindina og hinn stórglæsilega rennismælir, sem er á milli þeirra á myndinni.

Snjóbræðsla og gólfhiti

Námskeiðið "Snjóbræðsla og gólfhiti" var haldið í Lagnakerfamiðstöðinni 5. - 6. mars sl., þátttakendur voru 22. Kennarar á námskeiðinu voru sem fyrr Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Verkvangs, og Sigurður Grétar Guðmundsson pípulagningameistari.

Á námskeiðinu var farið yfir fræðilegan grunn snjóbræðsla og gólfhita og einnig í verklega hlutann í máli og myndum.


Hinn nýi kerfahermir, sem Danfoss gaf, var kynntur þátttakendum og farið í gegnum fjölbætta virkni hans. Hann mun í framtíðinni verða notaður til að þjálfa lagnamenn í jafnvægisstillingum mismunandi hitakerfa.

Þetta er eitt af námskeiðum Menntafélags byggingariðnaðarins, en fyrsta námskeiðið í "Snjóbræðsla og gólfhiti" var haldið í nóv. 1997.

Þátttakendur voru ekki eingöngu pípulagningamenn, þarna komu starfsmáður frá Byggingarfulltrúanum í Reykjavík, tæknimenn af verkfræðistofum, umsjónarmaður fasteigna og tæknimenntaður sölumaður lagnefnis.

Þetta er vissulega ánægjuleg þróun því markmiðið með eftirmenntun

Menntafélags byggingariðnaðarins var frá upphafi að allar stéttir lagnamanna miðluðu þekkingu hver til annarar, það er öllum í hag



Frá vinstri Finnur Einarsson verkefna- og gæðastjóri. Leiðbeinendur voru, Sigurður Grétar Guðmundsson og Ragnar Gunnarsson.

Ráðstefna og sýnin

Um Frárennislagnir innan lóðamarka inni og úti.
fimmtudaginn 29. apríl 2004 kl. 1300

Lagnafélag Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Húseigendafélagið, Félag fasteignasala, Neytendasamtökin, Félag pípulagningameistara, Félag ráðgjafaverkfræðinga, Gatnamálastofu Reykjavíkurborgar, Samband íslenskra tryggingafélaga og Lagnakerfamiðstöð Íslands, heldur ráðstefnu um frárennislagnir innan lóðamarka, inni og úti.
Ráðstefnan verður haldin fimmtudaginn 29. apríl kl. 1300 í Lagnakerfamiðstöð Íslands.

Hver framsögumaður hefur 15 mínútur fyrir framsögu, og 5 mínútur fyrir fyrirspurnir.

Ráðstefnustjóri:

Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri Lagnakerfamiðstöðvar Íslands

Fundarstjóri:

Dr. Valdimar K. Jónsson, varaformaður, Lagnakerfamiðstöð Íslands.

Kl.13.00

Ráðstefnan sett stundvíslega:

Björn Ingi Sveinsson, Borgarverkfræðingur í Reykjavík.

Kl.13.20 5mín

Lagnafélag Íslands, Gæðamatsráð:

Egill Skúli Ingibergsson, verkfræðingur, form. Gæðamatsráðs.

Efnistöð

1. Hvernig fær Gæðamatsráð kvartanir inn til sín ?
2. Hvernig aðstoðar ráðið fólkið ?
3. Dæmi.
4. Hver er niðurstaða gæðamatsráðs ?

Kl.13.40 5mín

Húseigendafélagið:

Guðfima Jöh. Guðmundsdóttir hdl., stjórnamaður í Húseigendafélaginu

Efnistöð

1. Fjöleignahúsalögin er varða sameiginlegar lagnir undir húsum ?
2. Hvernig á ákvarðanatöku um sameiginlegar framkvæmdir að fara fram ?

Kl.14.00 5mín

Neytendasamtökin:

Dr. Valdimar K. Jónsson, í framkvæmdastjórn Neytendasamtakanna.

Efnistöð

1. Hvernig snúa þessi mál við neytendum ?
2. Hvar geta neytendur fengið (tæknilegan) faglegan stuðning áður en farið er á stað með framkvæmdir ?

Kl.14.20 5mín

Félag fasteignasala:

Sverrir Sædal Kristjánsson, löggiltur fasteignasali.

Efnistöð

1. Eftir hvaða verklagsreglum vinna fasteignasalar við úttekt ?
2. Vinna fasteignasalar með gátlista, hvernig eru þeir uppbyggðir ?
3. Eru frárennislagnir í eldri byggingum myndaðar ?
4. Er viðhaldssagan lagna til fyrir húsið ?
5. Er handbók lagnakerfa til fyrir lagnakerfi hússins ?

Ráðstefnan er öllum opin

- Kl. 14.40 5min **Sam** **Íslenskra tryggingafélaga.**
Jón Ólafsson, rekstrarfræðingur, Samband íslenskra tryggingafélaga
Efnistöð
1. Hvernig er tryggingarmálum háttáð almennt hjá húseigendum ?
 2. Hvað er tryggt fyrir raka upp um neðstu gólfplötu ?
 3. Hvað er tryggt ?
 4. Hvað er ótryggt ?
 5. Er hægt að bæta tryggingar húseigenda með samvinnu tryggingarfélags og byggingarfulltrúa. Lækka tryggingar með úttektum samkvæmt Handbók lagnakerfa 29. Hækka tryggingar vegna engra úttekta ?

Kl. 1500 **Kaffi - kökur og sýning 30 mínútur.**
Efna- og tækjasýning í tækjasal LKÍ, 1. hæð.

- Kl. 15.30 5min **Félag ráðgjafaverkfræðinga:**
Heiðar Jónsson, byggingartæknifræðingur, lagnahönnuður, hjá V GK.
Efnistöð
1. Hvernig á að standa að hönnun frárennslislagna ?
 2. Hvernig eru ákvarðanir teknar um, efnisval, hljóðvist og afloftun ?

- Kl. 15.50 5min **Félag pípulagningameistara:**
Gísli Gunnlaugsson, pípulagningameistari.
Efnistöð
1. Hvernig berast viðgerðarverk til pípulagningameistarans ?
 2. Hvernig starfar meistarinn með fulltrúum húsfélagsins ?
 3. Hvernig á að standa að viðgerðum á frárennslislögnum ?
 4. Hvernig takið þið ákvarðanir um, efnisval, hljóðvist og afloftun ?
 5. Eftir hvaða gögnum vinnur pípulagningameistarinn ?

- Kl.16.10 5min **Gatnamálastofa Reykjavíkurborgar:**
Guðbjartur Sigfússon, yfirverkfræðingur, Gatnamálastofu Reykjavíkurborgar
Efnistöð
1. Hvernig eru í framkvæmd tengingar húsalagna við borgarkerfið ?
 2. Hvernig er eignarhaldi á lögnum háttáð ef lögnin tilheyrir fleiru en einu húsi ?
 3. Hver ber ábyrgð á lögnum innan lóðarmarka ?
 4. Hver er varsla gagna og ábyrgð á þeim ?

- Kl.16.30 5min **Samband íslenskra sveitarfélaga:**
Þórður Ólafur Búason, yfirfr. Byggingarfulltría Reykjavík.
Efnistöð
1. Hvernig standa byggingarfulltrúar að eftirliti og úttektum á frárennslislögnum ?
 2. Hvert er eftirlit byggingarfulltrúa við endurlagnir frárennslislagna ?
 3. Hvað gerir byggingarfulltrúi, ef meistari eða hönnuður brjóta byggingarreglugerð, missa þeir réttindin ?

- Kl.16.50 5min **Lagnakerfamiðstöð Íslands:**
Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri Lagnakerfamiðstöð Íslands.
Efnistöð
1. Hvað getur Lagnakerfamiðstöðin gert fyrir húseiganda ?
 2. Hvernig er fræðslu fyrir komið í stöðinni fyrir húseiganda ?

- Kl. 17.10 **Ráðstefnuslit:**
Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrir og eftir ráðstefnuna og á meðan hún stendur yfir er sýningin opin í tækjasal, 1. hæð Lagnakerfamiðstöðvarinnar.

Ráðstefnugjald kr. 3.000 kaffi og meðlæti innifalið.



Plastsuða

Plast í lögnum

Menntafélag byggingariðnaðarinnar stendur að námskeiði fyrir pípulagningamenn um suðu á plasti. Námskeiðið er byggt á kröfum Orkuveitu Reykjavíkur til verktaka sem eru að vinna verkefni á þeirra vegum. Vottorð um að menn hafi sótt þetta námskeið er því krafa Orkuveitu Reykjavíkur til þess að menn fái aðgang að verkum á þeim bænum.

Námskeiðin hafa verið haldin í Lagnakerfamiðstöð en einnig í Keflavík. Í næstu viku eru fyrirhuguð námskeið á Akureyri.

Hér eru myndir frá plasticsuðunámskeiðinu í Lagnakerfamiðstöð Íslands



Mynd frá verklegu kennslunni

Hjálmar A. Jónsson, tæknifræðingur, verkefnisstjóri Byggingarfulltrúa í Reykjavík



Hjálmar A. Jónsson

Um framkvæmdir án byggingarleyfis

En hvenær þarf að sækja um byggingarleyfi og hvenær ekki?
Í flestum húsum sem byggð hafa verið, hvort sem er um íbúðarhús eða aðrar byggingar að ræða verða alltaf einhverjar breytingar á tæknibúnaði þess í tímans rás.

Er það ýmist vegna eðlilegs viðhalds, breyttrar notkunar eða aukinna krafna til þæginda sem fólk gerir.

Þegar um breytta notkun er um að ræða skal alltaf sækja um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa. En svo er það spurningin með breytingar og viðhald á hvers konar lögnum og það hvað telst eðlilegt viðhald?
Við getum fallist á að þegar lög bilar þá þarf að skipta henni út og telst það eðlilegt og spyr enginn um leyfi til þess.

Sé hins vegar um að ræða að skipta þurfi um hitalagnir í eldra húsnæði þá er oft en ekki breytt verulega um lagnaleiðir og lagnaefni frá upphaflegri hönnun. Þessar breytingar eru í fæstum tilvikum hannaðar af löggildum hönnuðum og því síður tilkynntar til byggingarfulltrúa.

Hvað getur þá pípulagningameistari gert, því hann veit að þetta er bæði leyfisskipt og úttektarskipt en fólk lætur ekki hanna þetta fyrir sig af ýmsum ástæðum.

Hann má ekki færa þessar breytingar inn á þær lagnateikningar sem til eru af lögnum bæði vegna þess að á þeim er höfundarréttur hönnuðar og svo hið að hann hefur ekki til þess nein réttindi að skila inn teikningum til samþykktar hjá byggingarfulltrúa.

En verkið verður unnið hvort sem er af honum eða þá einhverjum öðrum sem er etv. ekki eins sómakar um sinn starfsheildur og þokkalega upplýstur. Þetta dæmi um hitalagnir er aðeins lítil hluti þess sem telst til viðhalds og endurnýjunar á eldra húsnæði.

Oft eru ekki til neinar teikningar af lögnum og það varð ekki skylda í Reykjavík að skila þyrfti inn teikningum af fráréttislögnum fyrir en 1960 og svo enn síðar eða 1968 að skila inn teikningum af neysluvatns- og hitalögnum til byggingarfulltrúa.

Svo það gefur augaleið að það húsnæði sem komið er á tíma hvað varðar eðlilegt viðhald og endurnýjun er fjölmargt og í mörgum tilvikum finnast engar teikningar af lagnakerfum þannig að eðlilega þarf að teikna þetta og hanna frá upphafi komi til endurnýjunar sem ekki getur talist til viðhalds, en mörkin þar á milli eru óskýr.

Í núgildandi byggingarreglugerð nr. 441/1998 eru engin ákvæði um viðhaldsframkvæmdir né endurnýjun og er það miður því skráðri byggingarsögu hússins lýkur oft um leið og byggingarfulltrúi skráir sína síðustu úttekt á byggingarstað, í flestum tilvikum áður en byggingin fær það hlutverk sem henni er ætlað og þá hefst annar kafli í sögu hússins sem hvergi er skráður, en er í rauninni allur líftími hússins.

Þarna þarf að verða breyting á svo hægt sé að skrá og varðveita sögu viðhalds og endurnýjunar sem verður á byggingunni meðan hún þjónar sínum tilgangi.

En hvað eiga meistarar, iðnaðarmenn og hönnuðir að gera á meðan ekki eru til skýrar og einfaldar reglur til að skrá eðlilega og sanna sögu byggingar á einfaldan og ódýran hátt?

Svo ekki sé nú minnst á húseiganda sem vill viðhalda verðmæti eignar sinnar á sem hagkvæmasta hátt og ráða til meistara með sína ábyrgðartryggingu í lagi og fá verkið skráð og úttekið hjá byggingarfulltrúa?

Þessum spurningum ætla ég ekki að svara hér heldur varpa fram og vona að það verði einhver hvatning þeim sem finna fyrir þörf á umræðu sem geti leitt til þess að leið finnist til að fá viðhaldsverk og önnur verk sem ekki er sótt um leyfi fyrir fram í dagsljósið.

Loftmagnsstilling

í ristum og dreifistútum loftræstikerfa.

Dagana 29.01 til 03.02 var haldið námskeið í loftmagnsstillingum loftræstikerfa. Leiðbeinendur og höfundar námsefnis voru tæknifræðingarnir Axel Sölvason og Karl Hákon Karlsson sem báðir starfa hjá Lagnatækni ehf og var námskeiðið haldið í Lagnakerfamiðstöð Íslands á Keldnaholti.

Á námskeiðið voru alls mættir 19 þátttakendur, blikksmiðir, hönnuðir og rafvirkjar sem endurspeglar að töluverðu leyti þá flóru manna sem að málinu koma. Námskeiðið var auglýst með frekar stuttum fyrirvara, sem sýnir berlega að það er töluverður áhugi fyrir þessu námskeiði. Námskeiðinu var skipt niður í bóklegan og verklegan hluta, þ.e. á fyrstu tveim dögum námskeiðsins var farið yfir grunnatriði sem varða mælingar og tæki.

Síðan var farið í verklegar æfingar og að síðustu farið yfir frágang á stilliskýrslu. Námskeiðinu lauk svo á skriflegri könnun.



Hér eru myndir frá verklegum æfingum við útreikninga á loftmagni úr hverri rist og loftdreifara

Myndir frá verklegu kennslunni við loftmannsstillingar í Lagnakerfamiðstöð Íslands. Þessi stillivinna er of oft vanmetin. Jóhannes Zoëga sagði eitt sinn, “illa stillt lagnakerfi er hrákasmíð”.



Árlegar veislur

sem vert er að muna eftir hjá Vatn og Hita.

Þann 23. janúar 2004 var haldið árlegt þorrablot hjá **Vatn og Hiti** að Smiðjuvegi 5 og var mæting með ágætum. 150 pípulagningamenn tóku sér hlé frá amstri dagsins og streymdu í átt að kræsingunum. Boðið var upp á allt það sem góðu þorrabloti sæmir og var hvergi til sparað. Þrátt fyrir mikinn fjölda gekk allt vel fyrir sig og er því að þakka miklu og góðu skipulagi.

Ég tók Sævar Stefánsson einn af eigendunum tali og spurði hann út í fyrirtækið og þessar uppákomur sem hafa notið mikila vinsælda hjá þeim.

Það ber kannski fyrst að nefna að fyrirtækið SS pípulagnir, sem var upphaflega stofnað sem pípulagna fyrirtæki, hefur fengið andlitslyftingu. Í dag heitir það **Vatn og Hiti** þetta er í raun sama fyrirtækið með sömu kennitölu en það er verið að gera það ferskari með þessum breytingum. Eins var gerð breyting á aðalnúmeri okkar og er það nú **510-1400**. Þessar breytingar sína það að við erum komnir til að vera.

Ef við svo litum til baka á þær veislur sem hafa verið haldnar á vegum **Vatn og Hita** þá hefur mæting ávalt verið framar vonum og er þar helst að þakka meistarakokkunum Margrétu eiginkonu minni. Það hafa verið tvær árlegar veislur, fyrst er það þorraveislan og svo höfum við haft jólafrókost á danskan máta. Í þessar veislur mæta viðskiptavinir okkar ár eftir ár og hafa það náðugt með mat og drykk eins og hver maður getur í sig látið. Það er nauðsynlegt að lyfta

sér aðeins upp og það virðist sem menn eru sammála þar því mæting í þorrablotin og jólafrókostinn hefur tvöfaldað ár frá ári.

Þessi mæting í veislunum okkar endurspeglar líka hve vel menn hafa tekið þeim lagnalausnum sem við erum að bjóða. Í dag er hluti af okkar stærstu viðskiptavinum fyrrverandi harðir stuðningsmenn snittuðukerfanna. Við höfum sagt í gamni við okkar viðskiptavini að hér fái menn ryðfritt lagnakerfi á galv-verði. Það sem er líka mjög fróðlegt að fylgjast með á markaðinum er hvornig menn eru að samnýta þau kerfi sem við bjóðum t.d. eru stofnanir hafðir aquatherm þpp "grænu rörin sem allir þekkja" og svo í greiningarnar fara menn í aquatherm-rör í rör eða aquatherm-álþex. Það er mikill kostur að geta nýtt sér hagkvæmnina í stofnlögnunum og svo hraðan í hinu kerfunum og allt er þetta frá sama framleiðanda sem eykur öryggið.



Hér eru myndir frá þorablóttinu.



AÐALFUNDUR

Lagnafélags Íslands

Verður haldinn þriðjudaginn 27. apríl 2004 kl.17.00
að Lagnakerfamiðstöð Íslands.

DAGSKRÁ:

Samkvæmt lögum félagsins.

1. skýrsla stjórnar
2. endurskoðaðir reikningar félagsins
3. skýrslur fagráða
4. kosning stjórnar
5. kosning endurskoðenda.

#####

Netfang LAFÍ: lafi@simnet.is

Heimasíða LAFÍ: lafi.is

*** **Á DÖFINNI** ***

Ráðstefna

29. apríl 2004

**um frárennslis lagnir
innan lóðamarka úti og inni**

#####

Ráðstefna

Lagnafélag Íslands

vinnur að undirbúningi að Ráðstefnu, þar sem tekið verður á
vandamálinu, “símennntun” fagkennara með tilkomu
Lagnakerfamiðstöðvar Íslands, sem bíður upp á flókin kennslukerfi,
sem ekki hafa verið til hingað til.

#####

ISH

Sýningin í Frankfurt Þýskalandi

15 til 19. mars 2005

Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri Lagnafélags Íslands,
verður með hópferð á sýninguna

Reykjavík, 3. mars 2004

GJAFABRÉF

Með gjafabréfi þessu staðfestist að Danfoss hf, Skútuvogi 6, Reykjavík, gefur Lagnakerfamiðstöð Íslands kennslukerfi til notkunar við kennslu í stjórnbúnaði hitakerfa. Kerfið er hannað af Sveini Áka Sverrissyni tæknifræðingi og sett saman af starfsmönnum Danfoss hf undir stjórn Steinars Gíslasonar.

Jaframt mun Danfoss hf í 10 ár frá dagsetningu bréfs þessa gefa Lagnakerfamiðstöð Íslands eftir þörfum ihluti til viðhalds og endurnýjunar á kerfinu eins og það er á afhendingardegi.

Engar kvaðir eru af hálfu gefanda varðandi notkun kerfisins en allar breytingar á því skulu gerðar í samráði við hönnuð þess og stjórnendur Danfoss hf.

Kennslukerfið er gefið í tilefni af því að 50 ár eru liðin frá því að sala á vörum frá Danfoss A/S hófst á Íslandi. Það er von stjórnar og starfsfólks Danfoss að kerfið megi efla þekkingu og skilning komandi kynslóða á sjálfvirkum stjórnbúnaði fyrir hitakerfi.

Danfoss hf

Sigurður Geirsson

The logo for Danfoss, featuring the word "Danfoss" in a stylized, red, cursive script font.